

17

35. gr.

13. júní

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Ræktunarsjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. okt. 1925.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 13. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.

18

L Ö G

27. júní

um

eignarnám á landspildu á Grund í Ytri-Reistarárlandi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppsnefnd Arnarneshrepps í Eyjarfjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu undir skóla- eða þinghús hreppsins á svo nefndri Grund í Ytri-Reistarárlandi.

Stærð lóðarinnar má vera alt að $50 \times 50 = 2500$ □ metrar.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæma samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.